



20. september 2021
Tilv.: 2109097

Dreifibréf númer: 49/2021

til aðila sem bjóða upp á pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir og/eða viðbótatryggingavernd

Efni: Drög að reglum um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjals fyrir almenna fjárfesta.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 16/2021 sem inniheldur drög að reglum sem innleiða tvær reglugerðir (ESB) til fyllingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 (PRIIP), sem innleidd var með lögum nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta.

Annars vegar er um að ræða framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 frá 8. mars 2017, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) með því að mæla fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla að því er varðar framsetningu, inntak, yfirferð og endurskoðun lykilupplýsingaskjala og skilyrðin fyrir því að uppfylla kröfur um að láta slík skjöl í té.

Hins vegar er um að ræða framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1866 frá 3. júlí 2019, um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/653 til að laga umbreytingarfyrirkomulag framleiðenda pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta (PRIIP), sem bjóða hlutdeildarskírteini í sjóðum eins og um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu undanþágu-tímabili sem um getur í þeirri grein.

Sambærilegar kröfur og gerðar eru til aðila í PRIIP-reglugerðinni um gerð og miðlun lykilupplýsingaskjals eru annars vegar gerðar til verðbréfasjóða í UCITS-tilskipuninni, sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt með lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, og hins vegar til rekstraraðila sérhæfðra sjóða í AIFMD tilskipuninni, sem innleidd hefur verið með lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 32. gr. PRIIP-reglugerðarinnar, með síðari breytingum, eru rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða undanþegnir gildis-sviði PRIIP-reglugerðarinnar til 31. desember 2021.

Til samræmis við framangreint er í afleiddri reglugerð (ESB) 2017/653 kveðið á um undanþágu rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða frá skyldunni til að útbúa lykilupplýsingaskjal í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar. Að teknu tilliti til breytinga sem reglugerð (ESB) 2019/1866 fól í sér, er lagt til í reglunum að sú undanþága gildi til 31. desember 2021.


Með lögum nr. 55/2021, voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 129/1997 að þeim aðilum sem heimild hefðu til að bjóða upp á viðbótartryggingarvernd samkvæmt lögnum yrði gert að útbúa lykilupplýsingaskjal í samræmi við II. kafla PRIIP-reglugerðarinnar frá 1. janúar 2022. Til samræmis við það tímamark er því lagt til að framlenging á tímabundinni undanþágu frá skyldunni um að útbúa lykilupplýsingaskjal í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/653 nái jafnframt til þeirra aðila.


Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 55/2021, um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 27. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit


Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar


Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og váttryggingar